

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Vöggustofusjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, ljósmóður, frá Seljamýri í Loðmundarfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. janúar 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vöggustofusjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, ljósmóður,
frá Seljamýri í Loðmundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Sigrúnu Sigurjónsdóttur og Ísak Jóns-syni, kennara í Reykjavík, til minningar um móður og tengdamóður þeirra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, en gert er ráð fyrir að sjóðurinn geti aukizt með gjöfum eða ráðstöfun til aukningar.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja munaðarlaus börn, er dvelja í vöggustofum félagsins Sumargjafar, meðal annars til kaupa á fötum handa fátækum börnum, er dvelja í vöggustofum félagsins.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðrum ríkistryggðum verðbréfum, og hafa stofnendurnir afhent stofnfé sjóðsins í veð-deildarbréfum. Verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn hans.

5. gr.

$\frac{4}{5}$ — fjórum fimmtu hlutum — af vöxtum sjóðsins skal árlega varið samkvæmt fyrirmælum 3. gr., en $\frac{1}{5}$ — einn fimmti hluti — vaxtanna skal leggjast við höfuð-stól, þar til hann er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur, en þegar svo er orðið skal úthluta öllum vöxtunum samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

1. Formaður Barnavinafélagsins Sumargjafar, sem er formaður sjóðstjórnarinnar.
2. Forstöðukona eða forstöðumaður vöggustofu Sumargjafar í Suðurborg.
3. Stjórn félagsins Sumargjafar velur árlega einn mann í stjórnina og sé hann jafnframt gjaldkeri sjóðsins.

Fari svo að Barnavinafélagið Sumargjöf verði lagt niður, velur bæjarstjórn Reykjavíkur alla stjórn sjóðsins.

Sjóðstjórnin sér um reikningshald sjóðsins og skulu endurskoðendur vera hinir sömu og þeir, er annast endurskoðun á reikningum Sumargjafar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Verði Sumargjöf lögð niður, annast endurskoðendur bæjarreikninganna endur-skoðun á reikningum sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórn-artiðindanna.

- 5 Sjóðstjórnin ákveður hverjum börnum skuli úthluta styrk og á hvern hátt.
5. jan. Styrk úr sjóðnum verður í fyrsta skipti úthlutað í byrjun ársins 1945.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. desember 1943.

Fyrir hönd okkar hjóna.

Ísak Jónsson.

6
21. jan.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað,
nr. 22 1. september 1936.

Auk þeirra gjalda, sem hækkuð voru um 100% með reglugerð nr. 166 7. okt. 1940, skulu önnur gjöld til hafnarinnar vera 100% hærri en þau voru ákveðin í hafnarreglugerðinni nr. 22 1. september 1936.

Gjald af ísvörðum fiski skal vera 40 aurar fyrir hver 100 kg.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 34 19. júní 1922, sbr. lög nr. 88 3. maí 1935, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 59 10. apríl 1942, um breytingu á hafnarreglugerðinni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. janúar 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

7
2. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 146 19. júní 1943, um skömmun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða.

Sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfi.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Bannað er að selja bifreiðagúmmi nema kaupandi skili innkaupaleyfi frá bifreiðaeftirlitsmanni.

Engum verður þó afhent meira á ári en hér segir:

Fyrir hverja vörubifreið, sérleyfisbifreið eða leigubifreið til mannflutninga 4 hjólbardar og 4 slöngur.

Fyrir hverja einkabifreið 2 hjólbardar og 2 slöngur.

Skömmunarskrifstofa ríkisins getur gefið undanþágu frá þessum ákvæðum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.